

## **Sakhnovskiy gegn Rússlandi – Yfirdeild**

**Dómur frá 2. nóvember 2010**

**Mál nr. 21272/03**

### **6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi**

***Endurupptaka máls. Réttur til lögfræðiaðstoðar. Þolandi brots.***

#### **1. Málsatvik**

Kærandi, Sergey Sakhnovskiy, er rússneskur ríkisborgari, fæddur árið 1979 og afplánar fangelsisdóm fyrir manndráp í Novosibirsk í Rússlandi. Kærandi var handtekinn 30. apríl 2001 vegna gruns um að hafa myrt föður sinn og frænda. Premur dögum síðar var honum skipaður verjandi. Í desember 2001 var kærandi sakfelldur fyrir manndráp og dæmdur í 18 ára fangelsi. Hann áfrýjaði dómnum í október 2002 en án árangurs. Við meðferð málsins fyrir Hæstarétti Rússlands kom verjandi ekki fram fyrir hönd kæranda en kærandi tók sjálfur þátt með aðstoð fjarfundarbúnaðar. Kærandi óskaði nokkrum sinnum eftir endurupptöku máls síns og var að lokum fallist á það af Hæstarétti Rússlands árið 2007. Enn var kærandi ekki viðstaddur flutning málsins en hann var þá í fangelsi í 3.000 km fjarlægð frá Moskvu. Hann gat þó fylgst með málflutningnum með aðstoð fjarfundarbúnaðar. Þá var honum skipaður verjandi sem hann gat þó aðeins rætt við í 15 mínútur fyrir þinghaldið. Að því samtali loknu neitaði hann að þiggja aðstoð frá verjandanum og vísaði til þess að honum dygði ekki að ræða einvörðungu við verjanda sinn í gegnum fjarfundarbúnað og að mjög skammur tími hefði gefist til undirbúnings þinghaldinu. Þinghaldið fór þó fram og að því afloknu ákvað rétturinn að staðfesta fyrri niðurstöðu sína í málinu um sakfellingu og refsingu kæranda fyrir manndráp.

#### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

##### ***Kæran***

Kærandi hélt því fram að málsmeðferðin í máli hans hefði ekki verið réttlát þar sem hann hefði ekki notið virkrar lögfræðiaðstoðar og að hann hefði einungis getað haft samskipti við verjanda sinn með fjarfundarbúnaði við meðferð málsins hjá Hæstarétti Rússlands. Í málinu reyndi einnig á hvort kærandi teldist vera þolandi í skilningi 34. gr. sáttmálans.

##### ***Niðurstaða***

Dómstóllinn tók fyrst til skoðunar hvort kærandi hefði misst stöðu sína sem þolandi brots, í skilningi sáttmálans, eftir að ákveðið var að endurupptaka málið árið 2007. Dómstóllinn tók fram að kærandi kynni að missa stöðu sem þolandi ef viðkomandi stjórnvöld viðurkenndu að þau hefðu brotið gegn réttindum sem vernduð væru í sáttmálanum og gripu til ráðstafana til að rétta hlut viðkomandi. Þessi regla byggðist á því sjónarmiði að aðildarríkin ættu að hafa tækifæri á að bæta fyrir brot sín á sáttmálanum. Engu að síður gætu þau ekki vikið sér undan lögsögu dómstólsins með því einu að endurupptaka mál. Dómstóllinn taldi að endurupptökur mála gætu ekki sjálfkrafa talist vera nægileg viðbrögð aðildarríkis vegna mögulegra brota á sáttmálanum. Meta yrði málsmeðferðina í heild og þar á meðal meðferð máls eftir að það væri tekið upp að nýju. Dómstóllinn hafnaði því jafnframt að rússnesk stjórnvöld hefðu ekki fengið nægilegt tækifæri til að bregðast við kærnum kæranda.

Varðandi það hvort kærandi hefði afsalað sér aðstoð verjanda benti dómstóllinn á að kærandi hefði látið óánægju sína í ljós við meðferð málsins gagnvart hjá Hæstarétti Rússlands árið 2007. Kærandi hefði þá hafnað þeirri aðstoð sem honum bauðst enda taldi hann hana ófullnægjandi. Kærandi hefði hins vegar ekki beðið um annan verjanda eða frestun þinghalda. Dómstóllinn taldi að kærandi hefði ekki með þessu afsalað sér réttinum til að njóta aðstoðar verjanda enda væri hann ólöglerður. Þess vegna væri ekki hægt að túlka framangreint aðgerðaleyzi kæranda sem slíkt afsal.

Dómstóllinn fjallaði því næst um þá spurningu hvort kærandi hefði notið virkrar aðstoðar verjanda. Dómstóllinn tók fram að einstaklingar sem væru sakaðir um að hafa framið refsiverð brot ættu rétt á að vera sjálfir viðstaddir meðferð mála á fyrsta dómstigi en hið sama ætti ekki endilega við á áfrýjunarstigi. Varðandi notkun fjarfundarbúnaðar, með myndsendingu eins og í tilviki máls kæranda,

taldi dómstóllinn að slíkt fyrirkomulag bryti ekki í bága við réttinn til réttlátrar málsmeðferðar en fyrirkomulaginu yrði að vera þannig háttað að sakborningur gæti fylgst með málsmeðferðinni, tekið til máls án vandkvæða og átt virk trúnaðarsamskipti við verjanda sinn. Í ljósi þess að þær spurningar sem Hæstiréttur Rússlands þurfti að takast á við í máli kæranda voru verulega flóknar taldi dómstóllinn að nauðsynlegt hefði verið fyrir kæranda að njóta aðstoðar verjanda. Aðstoðin hefði þurft að vera virk en ekki einungis að forminu til. Ljóst væri að ekki hefði verið nægjanlegt að kærandi ætti einvörðungu 15 mínútna samskipti við verjanda sinn rétt áður en þinghald fyrir Hæstarétti Rússlands hófst. Auk þess hefði kærandi átt erfitt með að ræða um mál sitt í gegnum fjarfundarbúnaðinn. Dómstóllinn taldi að þótt það hefði verið tímafrekt og dýrt að flytja kæranda rúmlega 3.000 kílómetra til Moskvu hefði verið hægt að koma málum þannig fyrir að kærandi gæti rætt við verjanda sinn í síma með meiri fyrirvara eða að kærandi hefði getað notið aðstoðar verjanda á þeim stað þar sem hann er í fangelsi. Dómstóllinn taldi að kærandi hefði af þessum sökum ekki notið virkrar lögmannaðstoðar þegar mál hans var tekið til meðferðar að nýju í nóvember 2007. Brotið hefði verið gegn réttindum hans samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans, sbr. c-lið 3. mgr. 6. gr. hans.

Kæranda voru dæmdar 2.000 evrur í miskabætur og 174 evrur í málskostnað.